

Bókamerki notuð fyrir pdf skjal

Best er að skoða handbókina með bókamerkjum (bookmarks) þar sem það auðveldar fólki verulega að fletta á milli kafla og hafa heildar yfirsýn yfir handbókina.

Hvernig handbókin opnast fer hinsvegar mikið eftir hvaða vafra viðkomandi notar og hvaða útgáfu af Adobe reader hann hefur á tölvunni sinni.

Chrome er með sjálfvirkan pdf lesara sem sýnir ekki bókamerki í skjalinu. Til að notast við bókamerkin í skjalinu þurfa því Chrome notendur að afvirkja sjálfvirka pdf lesarann eða notast við annan vafra.

Leiðbeiningar um hvernig á að afvirkja sjálfvirka pdf lesarann eru neðst í skjalinu.


Yfirleitt eru tveir möguleikar hvernig pdf skjalið getur opnast hjá Firefox og Internet Explorer notendum og veltur það helst á hvaða útgáfu af Adobe Reader notendur hafa. Hér fyrir neðan eru leiðbeiningar um hvernig skal opna bókamerkin í pdf skjalinu. Algengast er að pdf skjalið opnast ýmist á stigi 1 eða stigi 3 í leiðbeiningunum og er þá nægilegt að fylgja leiðbeiningunum frá því stigi.

1. Hjá sumum notendum opnast skjalið að því virðist án nokkurrar notendastiku.




2. Þá er nægilegt að færa músina neðst fyrir miðju og þá ætti stíkan sem sýnd er á myndinni hér fyrir neðan að birtast.


Til að fá upp frekari notendastiku er ýtt á Adobe merkið lengst til hægri sem er merkt með hring á myndinni.



- Þá ætti að opnast valmynd lík þeirri sem er sýnd hér fyrir neðan, en hjá sumum notendum opnast skjalið strax með þessa notendastiku opna. Til að opna bókamerkin er ýtt á borðann sem er sýndur á myndinni, efst til vinstri.



4. Við það opnast bókamerkin og listi með öllum köflum handbókarinnar birtist. Hægt er að stökkva á milli kafla með því að velja viðeigandi kaflaheiti. Ef lítill plús er fyrir framan viðkomandi kaflaheiti eru undirkaflar í honum sem hægt er að fá upp með því að ýta á plúsinn.



The image shows a web browser window displaying the title page of a handbook. The browser's address bar shows the URL: <http://www.barnavernd.is/medfarir/1178-handbok/>. The page features the coat of arms of Iceland at the top center, with the text "BARNAVERNDARSTOFA" below it. The main title "HANDBÓK" is prominently displayed in the center. On the left side, there is a sidebar with a table of contents, including sections like "1. Kenni og skilgreining", "2. Stofnunir og starfsmenn", "3. Nætur", "4. Skipulag", and "4.4. Barnaverndarstjórnir".

Að aftengja PDF viewer í Chrome

Til að hægt sé að notast við bókamerki þarf að aftengja PDF viewer fyrir Chrome notendur.

Það er gert með því að skrifa inn „about:plugins“ efst í addressbarinn, þ.e. gluggann þar sem heimasíður eru venjulega skrifaðar inn (1).



Þá birtist listi með viðbótum í Chrome. Í listanum er hægt að finna Chrome PDF viewer (2) og hjá honum er ýtt á „Disable“ (3). Lítið mál er að kveikja aftur á PDF viewer fyrir þá notendur sem það vilja, með því að fylgja sömu leiðbeiningum en ýta á „Enable“ í staðin. Gott er að athuga hvort að viðbæta að nafni „Adobe Acrobat“ sé virk, og ef hún er það ekki er gott að virkja hana með því að ýta á „Enable“ (4).

Við að aftengja PDF viewer ættu PDF skjöl að opnast með þeim Adobe Reader sem er settur upp á tölvunni. Þegar Adobe Acrobat

viðbætan er virkjuð opnast skjölin með sama hætti og þau gera í Internet Explorer og Firefox og þá er hægt að nota bókamerkin.

Til að opna bookmarks er hægt að fara í skref 1 eða 3 hér fyrir ofan og fylgja leiðbeiningunum þaðan, eftir því hvernig skjalið opnast.